

REGLUGERÐ

um (12.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um eftirlit með sáðvöru.

1. gr.

Tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar nr. 2006/47/EB og nr. 2006/55/EB, sem vísað er til í III. kafla, I. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2006, frá 9. desember 2006, skulu öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af reglugerð þessari, I. viðauka samningsins, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans.

2. gr.

Við II. lið (um korn til grænifóðurs og þroska) 2. viðauka reglugerðar nr. 301/1995 (gæðakröfur) bætist eftirfarandi:

7. Þyngd vörueiningar og sýnis:

Sýni vegna neðangreindra tegunda þurfa að hafa tiltekna lágmarksþyngd og þyngd vörueininga ekki fara yfir tiltekna hámarksþyngd.

Tegundir	Hámarksþyngd vörueiningar (tonn)	Lágmarksþyngd sýnis sem tekið er úr vörueiningu (grömm)	Þyngd sýnis sem er tekið til að ákvarða fjöldann samkvæmt 4. lið II. hluta 2. viðauka (grömm)
1	2	3	4
<i>Avena sativa</i> , <i>Hordeum vulgare</i> , <i>Triticum aestivum</i> , <i>Triticum durum</i> , <i>Triticum spelta</i> , <i>Secale cereale</i> , <i>Triticosecal</i>	30	1000	500
<i>Phalaris canariensis</i>	10	400	200
<i>Oryza sativa</i>	30	500	500
<i>Sorghum</i> spp.	10	1000	900
<i>Sykmáís (Zea mays)</i> , sáðkorn frá skyldleikaræktuðum línunum	40	250	250
<i>Sykmáís (Zea mays)</i> , stofnsáðkorn annað en frá skyldleikaræktuðum línunum; vottað sáðkorn	30	1000	1000

Heimiluð eru 5% vikmörk fyrir hámarksþyngd vörueiningar í 2. dálki töflunnar.

3. gr.

9. liður 5. viðauka reglugerðar nr. 301/1995 orðist svo:

Upplýsingar um að flughaftrar hafi ekki fundist í framleiðslueiningu og sýni, sem eru að lágmarki 3 kg, og tekin hafa verið úr einsleitum vörueiningum (framleiðslueiningu) í samræmi við ákvæði um sýnatöku í C. lið 8. viðauka og 2. gr. hér að ofan, hafi verið laus við flughafra þegar opinber skoðun fór fram.

Nr. 422

25. apríl 2007

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin tekur þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 25. apríl 2007.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Baldur P. Erlingsson.

B-deild – Útgáfud.: 14. maí 2007